

Náms- og kennsluáætlun Stærðfræði

3. bekkur Hausti 2025-Vor 2026

Kennari/kennarar:

Jóna Þorgerður, Jóhanna Kristín, Lena Ýr og Sigríður Dröfn.

Námsgrein - Stærðfræði

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður. Stærðfræðikennslan stuðlar að því að nemendur tileinki sér það viðhorf að það sé gagnlegt að hafa stærðfræði á valdi sínu og með ástundun náð tökum á henni.

Námsefni

Eftirfarandi þættir eru m.a. teknir fyrir í 3. bekk:

Deiling

Margföldun og margföldunartaflan

Mælingar

Rúmfræði

Samhverfa

Tími/klukkan

Tölfræði

Uppsetning samlagningar og frádráttardæma

Þriggja stafa tölur

Almenn brot

Algebra

Námundun

Evolýtes námsefnið

Kennsluaðferðir / leiðsagnarnám

Í skólanum er unnið í anda leiðsagnarnáms sem byggir á fimm stöðum. Saman leiða þær að jákvæðari námsmenningu þar sem verkefni eru fjölbreytt, mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr. Skipulag byggir á samræðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og kennarar leggja áherslu á leiðsagnarmat, leiðbeinandi endurgjöf. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.

Sjá frekari upplýsingar [á þessari vefslóð](#).

Námsmat/endurgjöf

Í skólanum er lögð áhersla á leiðsagnarmat. Kennarar hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum er ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

Form námsmatsverkefna eru fjölbreytt og taka mið af vinnusemi, ástundun, virkni, vinnubrögðum, framförum nemenda og félagsfærni. Í námsmati er einnig tekið tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðugleika þeirra. Hægt er að fylgjast með námsframvindu nemenda jafn og þétt yfir skólaárið inn á Mentor og birtist hún með eftirfarandi táknum:



Stefna skólans og sveitarfélagsins:

Eins og fram hefur komið er lögð áhersla á leiðsagnarnám sem útskýrt hefur verið hér að framan. Við skipulag kennslunnar er einnig hugað að einkunnarorðum skólans sem eru: Ánægja, áhugi, ábyrgð og árangur þar sem ánægður nemandi sem nálgast námið af áhuga og ábyrgð nær árangri.

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fimm meginþætti, félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði en þættirnir tengjast viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þá sérstaklega grunnþáttum menntunar (sjá hér fyrir neðan) auk leiðsagnarnáms.

Grunnþættir menntunar:

Grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í allt skólastarf en áherslur hafa verið lagðar fyrir hvert fag á hverju skólastig. Þættirnir eru læsi, sjálfbærni, sköpun, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti. Horft er til eftirfarandi þátta þegar verkefni eru sett upp og metin.

Grunnþættir menntunar í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði.	
Grunnþáttur	Áhersluþættir 1.- 4. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	- gerir sér grein fyrir hvað felst í góðum samskiptum, - nýtir styrkleika sína til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, - tileinkar sér jákvæðan skólabrag,

	- skilur mikilvægi heilbrigðs lífennis,
Jafnrétti	- fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskist á eigin forsendum án fordóma, - tileinkar sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum,
Lýðræði og mannréttindi	- þekkir vel starfshætti skólans, s.s. skólareglur, skipulag og áherslur, - fær námsefni og kennslu við hæfi, - fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi, - fær tækifæri til að velja verkefni eftir áhugasviði,
Læsi	- getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt, - notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni, - les í umhverfi sitt á gagnrýninn hátt og fer eftir fyrirbællum,
Sjálfbærni	- er meðvitaður um góða umgengni í skólaumhverfinu, - ber virðingu fyrir eignum sínum og annarra, - er ábyrgur og tekur virkan þátt í samvinnu, - ber virðingu fyrir umhverfi sínu,
Sköpun	- leitar lausna við vinnu sína, - beitir ímyndunarafli, - fær tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt.

Lykilhæfni

Hæfniviðmiðin eru skilgreind við lok 4., 7. bekkjar. Þau skiptast í fimm flokka í samræmi við viðmið um mat á lykilhæfni í kafla 9.4. í Aðalnámskrá grunnskóla þ.e. tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi sjá nánar á þessari vefslóð.

Námsaðlögun:

Námið er einstaklingsmiðað og leitast er við að mæta þörfum allra nemenda. Nemendur hafa ólíka hæfileika, áhugamál og þarfir og því er reynt mæta eins og kostur er.

Kynning á náms- og kennsluáætlun

Náms- og kennsluáætlanir Árbæjarskóla eru öllum aðgengilegar á vefsíðu skólans frá og með 25. ágúst 2024 og tilkynning um birtingu þeirra er send foreldrum.

Stefna og reglur námsgreinarinnar

Samskipti	Einkennast af virðingu
Mæting	Allir mæta á réttum tíma með bækur, tölvu, skrifffæri og önnur nauðsynleg gögn.
Virgni í tímum	Nemendur nýta kennslutímann vel og vinna að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir og ganga jafnframt frá kennslugögnum í lok kennslustundar. Lögð er

	áhersla á virkni nemenda í tímanum og samtal við kennara/samnemendur um námið.
Skil á verkefnum - sein skil	Nemendur fylgja fyrirmælum skv. leiðbeiningum sem fylgja hverju verkefni sem lagt er fyrir. Ef nemendur ljúka ekki heimaverkefnum er það fært inn í Mentor.
Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur	www.mms.is (efni tengt námsbókum).
Skyldur nemenda	Nemendur mæta undirbúnir í tíma, hafa farsíma og önnur tæki í töskum.
Skyldur kennara	Kennarar mæta undirbúnir í tíma, eru með skýrar áætlanir, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat og leiða nemendur áfram í náminu.
Stoðþjónusta nemenda	
Hlutverk foreldra	Foreldrar hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra, heimanám og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Tímabil	Náms- og viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat
25.-29.ágúst	Uppsetning dæma	Sett upp samlagningardæmi með 3 -4 stafa tölum.	Skólasetning 22.ágúst
1.-5.Sept	Sproti 2B 9.kafli Tvöfalt meira og helmingi minna, sléttar tölur og oddatölur. <u>Bls 15-21</u>	- sléttar tölur og oddatölur - tvöfalt meira og helmingi minna	
8.-12.sept	Sproti 2B 9.kafli Tvöfalt meira og helmingi minna, sléttar tölur og oddatölur. <u>Bls 22-27</u>		
15.-19.sept	Sproti 2B 9.kafli Tvöfalt meira og helmingi minna, sléttar tölur og oddatölur. <u>Bls 28-35</u>		

22.-26.sept	Sproti 2B 10.Kafli Reikningur með tölum upp í 100 Bls 36-45 (sleppa 41-43)	• 3ja stafa tölur • unnið með ísl mynt	
29.sept -3. okt	Sproti 2B 10.kafli bls 46-54 (sleppa 48-49)	• 3ja stafa tölur • unnið með ísl mynt	Lotupróf úr 9.kafla Sproti 2B
6.-10.okt	Sproti 2B Innlögn um frádrátt - að taka til láns. 10.Kafli Reikningur með tölum upp í 100 bls 55-63	• 3ja stafa tölur • unnið með ísl mynt	
13.-17.okt	Sproti 2B 12.kafli Reikningur bls 80-89		Samskiptadagur 15.okt

20.-24.okt	Sproti 2B 12.kafli Reikningur bls 90-98		Vetrarfrí 24.okt Lotupróf 10.kafli Sproti 2B
27.-31.okt	Sproti 2B 12.kafli Reikningur bls 99-107		Vetrarfrí 27.-28.okt
3.-7.nóv	Sproti 2B 13. Marghyrningar og hringir bls 108-120	• Sett upp samlagningardæmi með 3 -4 stafa tölum.	Lotupróf 12 Sproti 2B Sproti 2B kláruð
10-14.nóv	Sproti 3A bls. 4-15 1.kafli Upplýsingar og tölfraði (klára kaflann á viku?)	• Borið saman tölur og fjölda • Sýnt niðurstöður gagna í súluritum • Lesið úr einföldum töflum og súluritum • Notað og þekkt hentug verkfæri	Sproti 3A
17-21.Nóv	Sproti 3A bls. 4-15	• Borið saman tölur og fjölda	

	1.kafli Upplýsingar og tölfraði	• Sýnt niðurstöður gagna í súluritum • Lesið úr einföldum töflum og súluritum • Notað og þekkt hentug verkfæri	
24.-28.nóv	2.kafli Þriggja stafa tölur Sproti 3A bls. 16-39	• Þekkt og notað íslenska mynt og seðla • Búið til talnamynstur	Starfsdagur 28.nóv
1.-5.des	2.kafli Þriggja stafa tölur Sproti 3A bls. 16-39	• Þekkt og notað íslenska mynt og seðla • Búið til talnamynstur	Lotupróf 1.kafli 3A
8.-12.des	2.kafli Þriggja stafa tölur Sproti 3A bls. 16-39	• Þekkt og notað íslenska mynt og seðla • Búið til talnamynstur	
15.-19.des	Jólastærðfræði 8.kafli Samhverfa bls 123-127	• Þekkt og notað speglun og samhverfu	Jólaskemmtun 19.des Jólaleyfi 22.des - 2.jan
Jólaleyfi			

5.-9.jan	3.kafli Mælingar Sproti 3A bls. 40-59	• Þekkt og notað hentug verkfæri • Mælt lengd og flatarmál • Unnið að stærðfræðiverkefnum í samvinnu við aðra	
12.-16.jan	6.kafli Margföldun Sproti bls. 92-107	• Leyst einföld margföldunardæmi • Nýtt sér margföldunartöfluna	Loturpróf 2.kafli 3A
19.-23.jan	6.kafli Margföldun Sproti bls. 92-107	• Leyst einföld margföldunardæmi • Nýtt sér margföldunartöfluna	Bóndadagur 23.jan
26.-30.jan	5.kafli Rúmfræði Sproti bls. 76-91	• Flokkað algeng tvívíð og þrívíð form	Lotupróf 3.kafli 3A
2.-6.feb	7.kafli Deiling Sproti bls. 108-121	• Leyst einföld deilingardæmi	Samskiptadagur 5.feb Skipulagsdagur 6.feb
9.-13.feb	7.kafli Deiling Sproti bls. 108-121	• Leyst einföld deilingardæmi	Kaflapróf, símat

16.-20.feb	4.kafli Tími Sproti bls.60-75	• Lesið á klukku • Skráð tímasetningar á hefðbundinn og stafrænan hátt	Bolludagur 16.feb Sprengidagur 17.feb Öskudagur 18.feb Vetrarfrí 19.-20.feb
23.27.feb	4.kafli Tími Sproti bls.60-75	• Lesið á klukku • Skráð tímasetningar á hefðbundinn og stafrænan hátt	
2.-6.mars	Sproti 3B 1.kafli Kaup og sala bls 2-17	• Þekkt og notað íslenska mynt og seðla. • Námunðað tölur að næsta tug eða hundraði	
9.-13.mars	Sproti 3B 9.kafli Kaup og sala 2-17	• Þekkt og notað íslenska mynt og seðla. • Námunðað tölur að næsta tug eða hundraði	
16.-20.mars	Sproti 3B 10.kafli Talnaveiðar bls. 18-31	• Fundið lausn á jöfnu	Starfsdagur 16.mars
23.-27.mars	Sproti 3B	• Fundið lausn á jöfnu	

	10.kafli Talnaveiðar bls. 18-31		
Páskaleyfi 30.mars-6.apríl			
7.-10.apríl	Sproti 3B 11.kafli Samlagning og frádráttur bls 32-47	• Sett upp samlagningardæmi með 3-4 tölum og getur geymt. • Sett upp frádráttardæmi með 3-4 tölum og getur tekið til láns. • Þekkt og notað fjölbreytt hugtök yfir reikniaðgerðirnar fjórar.	
13.-17.apríl	Sproti 3B 11.kafli Samlagning og frádráttur bls 32-47	• Sett upp samlagningardæmi með 3-4 tölum og getur geymt. • Sett upp frádráttardæmi með 3-4 tölum og getur tekið til láns. • Þekkt og notað fjölbreytt hugtök yfir reikniaðgerðirnar fjórar.	
20.-24.apríl	Sproti 3B 12.kafli Rúmfræði bls.48-61	• Þekkt rétt, hvöss og gleið horn. • Mælt lengd og flatarmál. • Flokkað algeng tvívíð og þrívíð form • Þekkt og notað hentug verkfæri	Sumardagurinn fyrsti 23.apríl

27.30.apríl	Sproti 3B 12.kafli Rúmfræði bls.48-61	• Þekkt rétt, hvöss og gleið horn. • Mælt lengd og flatarmál. • Flokkað algeng tvívíð og þrívíð form • Þekkt og notað hentug verkfæri	
4.-8.maí	Sproti 3B 13.kafli Almenn brot bls. 62-77	• Þekkt hugtökin teljari og nefnari	
11.-15.maí	Sproti 3B 13.kafli Almenn brot bls. 62-77	• Þekkt hugtökin teljari og nefnari	Uppstigningadagur 14.maí Starfsdagur 15.maí
18.-22.maí	Sproti 3B 13.kafli Almenn brot bls. 62-77	• Þekkt hugtökin teljari og nefnari	
25.-29.maí	Sproti 3B 14.kafli Margföldun 2 bls. 78-102	• Leyst einföld margföldunardæmi • Nýtt sér margföldunartöfluna	Hvítasunnudagur 24.maí Annar í hvítasunnu 25.maí
1.-5.júní	Sproti 3B 14.kafli Margföldun 2 bls. 78-102	• Leyst einföld margföldunardæmi • Nýtt sér margföldunartöfluna	
8-12.júní			Skólaslit 10.júní Starfsdagur 11.-12.júní

***Kennarar áskilja sér rétt til að breyta kennsluáætlun ef þurfa þykir.**